

Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis

1. fundur

Fyrstu fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis var haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 14. mars og hófst klukkan 20.00

Mættir voru:

Sædís Gunnarsdóttir

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Ingvar Þóroddsson

Ingibjörg Baldursdóttir

Hilmar Ágústsson

Aðalbjörn Pálsson

Eftir kynningar og almennar umræður var kosið í embætti. Ingibjörg var einróma kosin formaður og Ingvar varaformaður. Sædís var kosin ritari og Bryndís og Hilmar eru meðstjórnendur.

Síðan var rætt um starfið framundan og komu margar hugmyndir fram um það hvernig best væri að hafa starfinu. Fyrsta skrefið er að hafa samband við aðrar hverfisnefndir og tóku formaður og varaformaður það að sér fyrir hönd nefndarinnar.

Bryndís tók að sér að skoða hvort hverfisnefndir starfi í nágrannalöndunum og Sædís var falið að skoða íbúasamtök Grafarvogs og sjá hvort þau séu sambærileg við hverfisnefndir sem þessa. Einnig var rætt um hvort hægt væri að koma fram spjallvef á

Akureyrarsíðunni um málefni hverfisins.

Ákveðið var að halda næsta fund þann 28. mars og huga frekar að stefnumótun, markmiðum og aðgerðum nefndarinnar í ljósi upplýsinga frá öðrum hverfisnefndum.

Fleira var ekki gert,

Sædís Gunnarsdóttir